




Ársskýrsla 2012

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins



HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
ÁLFABAKKA 16, 109 REYKJAVÍK

OKTÓBER 2013

ÞESSI ÁRSSKÝRSLA ER ÚTGEFIN Á VEF HEILSUGÆSLU
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS [WWW. HEILSUGAESLAN.IS](http://WWW.HEILSUGAESLAN.IS)

RITSTJÓRI: ELÍN EIRÍKSDÓTTIR
LJÓSMYNDIR: SUNNA WÍUM

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	2
Ávarp forstjóra.....	3
Stjórnskipulag Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.....	5
Skipurit.....	6
Rekstrarreikningur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins 2012.....	8
Heildaryfirlit yfir skráð samskipti Heilsugæslustöðva.....	10
Ársverk og Mannauður	11
Stjórnsýsla	12
Þróunarstofa heilsugæslunnar	15
Þroska – og hegðunarstöð.....	19
Göngudeild sóttvarna	23
Geðheilsa – eftirfylgd/iðjupjálfun.....	25
Heilsugæslustöðvar	29
Heilsugæslan Árbæ	32
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	34
Heilsugæslan Efstaleiti	36
Heilsugæslan Fjörður	38
Heilsugæslan Garðabæ	40
Heilsugæslan Glæsibæ	42
Heilsugæslan Grafarvogi	44
Heilsugæslan Hamraborg.....	46
Heilsugæslan Hlíðum	48
Heilsugæslan Hvammi.....	50
Heilsugæslan Miðbæ	52
Heilsugæslan Mjódd	54
Heilsugæsla Mosfellsumdæmis	56
Heilsugæslan Seltjarnarnesi.....	58
Heilsugæslan Sólvangi.....	60
Annað	62
Heilsuvernd skólabarna	62

Starfsemi ársins var að flestu leyti í föstum skorðum. Þrátt fyrir fjárhagslegar þrengingar og niðurskurð liðinna ára hefur eftir megni verið reynt að standa vörð um þjónustuna og margt í starfseminni verið afar jákvætt enda hefur Heilsugæslan á að skipa einstaklega hæfu starfsfólki. Mikils aðhalds var gætt í rekstrinum og var hann innan fjárheimilda þriðja árið í röð.

Eftir umrót síðustu ára finna íbúar höfuðborgarsvæðisins óhjákvæmilega fyrir lengri bið í suma þjónustu. Ljóst er að Heilsugæslan þarf að geta sinnt betur bæði skammtímavandamálum og fólki með langvinn fjölvandamál. Einnig er brýnt að halda áfram uppbyggingu sálfræðiþjónustu fyrir börn og tryggja jafnræði þeirra gagnvart þessari mikilvægu þjónustu, sem og að stytta bið eftir þjónustu fyrir börn með erfiðleika í þroska, hegðun og líðan.

Heilsuverndarstarf, mæðravernd, ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæsla gekk með ágætum á árinu og er unnið að eflingu heilsuverndar fyrir aldraðra. Heilsugæslan stendur að gerð fjölbreytts fræðsluefnis sem aðgengilegt er á vef stofnunarinnar og er notað á fjölmörgum námskeiðum fyrir skjólstæðinga og starfsfólk.

Öflugt þróunarstarf fer fram innan Heilsugæslunnar og er sjúkraskrárkerfið Ískrá dæmi um afrakstur slíkrar starfsemi. Ískráin var þróuð innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og hefur verið notuð í öllum skólum á svæði stofnunarinnar frá árinu 2003. Hún er notuð við skráningu í heilsuvernd skólabarna og hefur reynst vel. Athygli hefur vakið hversu aðgengilegt er að ná gögnum út úr kerfinu til gæðastarfs, bæði starfssemistölum og heilsufarstölum. Á árinu var gerður samningur á milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Embættis landlæknis um innleiðingu Ískrár á landsvísi. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja varð fyrst til að tengjast gagnagrunni Ískrár en starfsfólk í heilsuvernd skólabarna á Suðurnesjum byrjaði að skrá í Ískrána þann 1. október. Með innleiðingu Ískrár á landsvísi opnast möguleiki á að fá heilsufarupplýsingar um öll börn 6 til 16 ára og skoða eftir atvikum hvort munur er á heilsufari eftir landshlutum eða skólum. Möguleikar til að meta árangur þess starfs sem unnið er í heilsuvernd grunnskólabarna aukast til muna og þar með heilsuefning barna og ungmenna um allt land.



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er kennslustofnun og sem slík tekur hún virkan þátt í starfsþjálfun og kennslu heilbrigðisstétta. Á hvert eru tugir læknanema, kandidata og hjúkrunarnema, auk annarra nema á sviði heilbrigðisvísinda hjá stofnuninni til lengri eða skemmri tíma. Þá er innan stofnunarinnar rekið metnaðarfullt sérnám í heimilislækningum, en 36 læknar voru í sérnáminu á árinu. Það er metfjöldi, en sérnámsstöðum hefur að hluta verið fjölgað með því að lausum stöðum sérfræðinga hefur verið breytt í sérnámsstöður í heimilislækningum.

Fasteignir ríkissjóðs annast viðhald á öllu húsnæði Heilsugæslunnar sem er í eigu ríkisins. Frá því Fasteignir ríkissjóðs tóku við viðhaldinu á árinu 2010 hefur verið unnið ötullega að ýmsum brýnum viðhalds- og endurbótaverkefnum. Margt hefur áunnist í þeim efnum og er það vel, því markmið Heilsugæslunnar er að skapa starfsfólki og skjólstæðingum hennar umgjörð og aðstæður sem við getum verið stolt af. Á árinu var m.a. unnið að viðamiklum endurbótum á húsnæði Heilsugæslunnar Hlíðum og hefur stöðin í þeim skilningi tekið stakkaskiptum. Endurbætur af þessum toga taka á starfsfólk og skjólstæðinga og nauðsynlegt að taka til skoðunar hvort farið verði aftur í slíkar framkvæmdir samtímis því að halda úti fullri starfsemi í húsnæðinu.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins gegnir mikilvægu samfélagshlutverki. Gera þarf heilsugæslunni kleift að standa undir þeim væntingum og fyrirheitum sem gefin hafa verið um að heilsugæslan skuli vera fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu. Um nokkurra ára skeið hefur verið keyrt á lágmarksmönnun og starfsfólk hefur verið undir miklu álagi. Því er vonandi að hin næstu ár verði Heilsugæslunni hagfelldari og hún fái tækifæri til að þróast áfram og byggja upp starfsemina, íbúum höfuðborgarsvæðisins til hagsbóta. Það er stefna okkar að verða fyrsta val þeirra sem á almennri heilbrigðisþjónustu þurfa að halda, við viljum veita íbúunum framúrskarandi þjónustu og hafa jákvæð áhrif á líf þeirra.

Ég vil þakka stjórnendum og starfsfólki Heilsugæslunnar fyrir samstarfið á árinu. Ársskýrslan er vitnisburður dugnaðar þess og metnaðar og hún varpar ljósi á umfangsmikla og fjölbreytta starfsemi.

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri



FRAMKVÆMDASTJÓRN HEILSUGÆSLUNNAR

- Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri
- Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs
- Jónas Guðmundsson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og rekstrar
- Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri
- Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri


SKIPULAG

Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) tilheyra neðangreindar 4 einingar og 15 heilsugæslustöðvar í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Stjórnsýsla Heilsugæslunnar er til húsa í Álfabakka 16.

- Þróunarstofa heilsugæslunnar
- Þroska- og hegðunarstöð
- Göngudeild sóttvarna
- Geðheilsa – eftirfylgd/iðjupjálfun

- Heilsugæslan Árbæ
- Heilsugæslan Efra-Breiðholti
- Heilsugæslan Efstaleiti
- Heilsugæslan Fjörður
- Heilsugæslan Garðabæ
- Heilsugæslan Glæsibæ
- Heilsugæslan Grafarvogi
- Heilsugæslan Hamraborg
- Heilsugæslan Hlíðum
- Heilsugæslan Hvammur
- Heilsugæslan Miðbæ
- Heilsugæslan Mjódd
- Heilsugæsla Mosfellsumdæmis
- Heilsugæslan Seltjarnarnesi
- Heilsugæslan Sólvangi





HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR Í REYKJAVÍK OG KÓPAVOGI SEM ERU EKKI REKNAR AF HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS.

Heilsugæslan Lágmúla og Heilsugæslan Salahverfi eru einkareknar. Þess vegna eru hér ekki upplýsingar um ársverk, skráð samskipti og rekstur þessara heilsugæslustöðva. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga við notkun talna úr þessarri skýrslu.

Undantekningin er að í kaflanum Heilsuvernd skólabarna eru tölur yfir allt höfuðborgarsvæðið, líka skólana sem þessar stöðvar sinna.

Þjónustusvæði Heilsugæslunnar Lágmúla er Laugarnes- og Múlahverfi og stöðin sinnir Laugarnesskóla, Laugalækjaskóla, Álftamýrarskóla og Safamýrarskóla. Þjónustusvæði Heilsugæslunnar Salahverfi er Sala-, Lindahverfi og Vatnsendasvæði og stöðin sinnir Lindaskóla, Salaskóla, Vatnsendaskóla, Hörðuvallaskóla og Waldorfsskólanum í Lækjarbotnum.

UM TÖLUR Í SKÝRSLUNNI

Tölur um samskipti í þessarri skýrslu eru teknar út sjúkraskrárkerfinu SÖGU nema að annað sé tekið fram. Stöðugt er unnið að bættum gæðum skráninga í Sögu.

Rekstrarreikningur er birtur hér eins og hann kemur frá Ríkisendurskoðun.



REKSTRARREIKNINGUR HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2012

Tekjur	2012	2011
Seld þjónusta	465.459.428	440.539.798
Tekjur af fræðslustarfsemi	6.253.940	5.976.500
Leigu- og afnotatekjur	22.505.528	21.159.831
Tekjur af samrekstri	54.234.301	50.080.426
Veitingasala.....	8.289.928	7.488.780
Aðrar tekjur.....	<u>14.329.018</u>	<u>12.072.197</u>
Tekjur alls	<u>571.072.143</u>	<u>537.317.532</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	3.722.095.892	3.503.857.172
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	90.458.898	94.015.583
Funda- og ferðakostnaður	101.830.546	85.358.905
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	414.009.464	391.686.772
Húsnæðiskostnaður	504.231.768	467.051.234
Rekstur tækja og áhalda	25.303.924	23.209.505
Bifreiðarekstur	36.339.956	39.392.927
Annar rekstrarkostnaður	65.747.480	63.149.206
Lyf, lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarstofuefni..	108.616.503	97.899.820
Tilfærslur.....	3.604.622	5.986.832
Birgðabreytingar	<u>2.366.486</u>	<u>(1.573.291)</u>
	5.074.605.539	4.770.034.665
Eignakaup	<u>23.840.048</u>	<u>106.933.536</u>
	<u>5.098.445.587</u>	<u>4.876.968.201</u>
Gjöld umfram tekjur fyrir hreinar fjármunatekjur	(4.527.373.444)	(4.339.650.669)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>3.009.504</u>	<u>1.567.641</u>
Gjöld umfram tekjur fyrir ríkisframlag	(4.524.363.940)	(4.338.083.028)
Ríkisframlag	<u>4.535.000.000</u>	<u>4.356.200.000</u>
Tekjuafgangur ársins	<u>10.636.060</u>	<u>18.116.972</u>

REKSTRARREIKNINGUR HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2012
SUNDURLIÐAÐUR EFTIR VIÐFANGSEFNUM Í ÞÚS. KR.

Stjórnsýsla og fleira	2012	2011
Stjórnsýsla.....	397.891	363.474
Upplýsingasvið	138.211	188.868
Samningsbundin heilbrigðisþjónusta.....	(4.803)	5.378
Iðjuþjálfun.....	37.429	35.317
Samtals	<u>568.728</u>	<u>593.038</u>
Miðlæg þjónusta		
Göngudeild sóttvarna	26.872	25.280
Tannvernd.....	11.380	16.172
Mæðravernd	51	0
Heimahjúkrun	(8.277)	(11.094)
Þróunarstofa heilsugæslunnar.....	113.067	120.441
Þroska- og hegðunarstöð.....	122.977	108.423
Samtals	<u>266.070</u>	<u>259.221</u>
Heilsugæslustöðvar		
Heilsugæslan Árbæ	291.370	264.386
Heilsugæslan Grafarvogi.....	336.448	314.515
Heilsugæslan Efra Breiðholti.....	206.529	200.009
Heilsugæslan Mjódd	178.477	169.514
Heilsugæslan Glæsibæ.....	186.084	171.492
Heilsugæslan Efstaleiti.....	183.280	172.561
Heilsugæslan Hlíðum	170.065	166.628
Heilsugæslan Miðbæ	175.020	167.025
Heilsugæslan Seltjarnarnesi.....	220.012	217.588
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi.....	274.235	256.454
Heilsugæslan Hamraborg.....	383.819	350.216
Heilsugæslan Hvammi	187.004	173.657
Heilsugæslan Garðabæ	203.055	190.117
Heilsugæslan Fjörður	283.920	248.609
Heilsugæslan Sólvangi	410.247	423.052
Samtals	<u>3.689.565</u>	<u>3.485.823</u>
Alls	<u>4.524.364</u>	<u>4.338.083</u>

HEILDARYFIRLIT YFIR SKRÁÐ SAMSKIPTI HEILSUGÆSLUSTÖÐVA

Hér heildaryfirlit yfir skráð samskipti nokkurra starfstétta á heilsugæslustöðvum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Nánari sundurgreining samskipta eftir fleiri starfstéttum fyrir árið 2012 er í kafla hvernar starfstöðvar.

SKRÁÐ SAMSKIPTI Í SÖGUKERFIÐ – 15 STÖÐVAR 2012

Samskipti eftir starfstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Samskipti alls
Læknar	260.201	274.711	1.034	535.946
Hjúkrunarfr./ljósmæður	121.324	75.615	35.951	232.890
Sjúkraliðar	955	1.798	49.167	51.920
Félagsliðar	0	543	12.330	12.873

Þar af komur á síðdegisvakt til lækna 54.285

SKRÁÐ SAMSKIPTI Í SÖGUKERFIÐ – 15 STÖÐVAR 2011

Samskipti eftir starfstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Samskipti alls
Læknar	262.554	271.570	1.001	535.125
Hjúkrunarfr./ljósmæður	126.077	76.946	29.906	232.929
Sjúkraliðar	1.069	1.282	43.837	46.188
Félagsliðar	0	457	9.770	10.227

Þar af komur á síðdegisvakt til lækna 55.443

SKRÁÐ SAMSKIPTI Í SÖGUKERFIÐ – 15 STÖÐVAR 2010

Samskipti eftir starfstétt	Viðtal	Símtal	Vitjun	Samskipti alls
Læknar	258.340	262.949	1.398	522.687
Hjúkrunarfr./ljósmæður	137.394	71.512	28.607	237.513
Sjúkraliðar	953	1.007	38.328	40.288
Félagsliðar	0	411	8.549	8.960

Þar af komur á síðdegisvakt til lækna 50.154

ÁRSVERK OG MANNAUÐUR

ÁRSVERK EFTIR STÉTTARFÉLÖGUM

Nánari sundurgreining á ársverkun eftir starfsstöð fyrir árið 2012 er í kafla hvernar starfsstöðvar.

	2012	2011	2010	2009	2008
Félag lífeindafræðinga	2,65	2,64	2,59	2,82	2,90
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	119,83	119,84	121,65	129,69	164,73
Fræðagarður	4,49	4,95	4,40	4,62	3,73
Iðjupjálfafélag Íslands	4,10	4,35	4,25	4,16	5,74
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	2,73	3,00	3,00	3,00	3,29
Kjarafélag Tæknifr.félags Íslands	0,00	0,00	0,00	0,00	0,50
Kjaranefndarlaun	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Ljósmeðrafélag Íslands	21,66	22,79	24,16	22,54	18,91
Lyfjafræðingafélag Íslands	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Læknafeðlag Íslands	131,68	125,89	124,88	126,58	126,87
Samflot sveitarfélaga	11,25	11,71	11,97	12,12	14,84
Sjúkraliðafélag Íslands	28,43	26,58	27,17	26,95	81,66
Starfsgreinasamband Íslands	0,34	3,09	3,12	9,26	9,86
Starfsmannafélag ríkisstofnana	112,58	112,38	114,09	118,74	129,97
Stéttarfélag Bókasafns- og uppl.fr.	1,00	1,00	1,00	1,00	0,92
Stéttarfélag sjúkrabjálfa	0,30	0,30	0,30	0,30	1,36
Sálfræðingafélag Íslands	14,37	14,75	14,42	13,76	12,67
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	3,19	3,49	3,50	3,45	3,48
Stéttarfélag Hásk.m. á matv.- og nær.sv.	0,00	0,00	0,00	0,12	0,24
Þroskabjálfafélag Ísland	0,39	0,25	0,25	0,25	0,06
Samtals	460,99	459,01	462,75	481,36	583,73

Verkefni Miðstöðvar heimahjúkrunar fluttust til Reykjavíkurborgar 1. janúar 2009. Það er stærsta ástæðan fyrir fækkun ársverka milli 2008 og 2009.



Stjórnsýslan skiptist í svið fjármála og rekstrar og starfsmannasvið. Innan stjórnsýslunnar starfa einnig lækningaforstjóri og hjúkrunarforstjóri.

Stjórnsýsla Heilsugæslunnar er til húsa í Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

STARFSMANNASVIÐ

Framkvæmdastjóri: Grétar Guðmundsson.

Meginhlutverk starfsmannasviðs er að vinna að vönduðum vinnubrögðum í starfsmannamálum innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og tryggja að lögum og reglum sé framfylgt í meðferð starfsmannamála. Verkefni starfsmannasvið taka fyrst og fremst mið af starfsmannastefnu HH þar sem leitast er við að gera HH að góðum vinnustað þar sem starfsmenn geta nýtt þekkingu sína og færni. Meðal verkefna starfsmannasviðs er;

- stefnumótun, skipulagning og samhæfing starfsmannamála
- starfsmannaáætlanir
- ráðningar og starfslok
- afgreiðsla launa
- ráðgjöf til starfsmanna sem og stjórnenda
- túlkun kjarasamninga og gerð stofnanasamninga
- samskipti við stéttarfélög
- starfsþróun og fræðsla
- öryggis- og vinnuvernd starfsmanna

SVIÐ FJÁRMÁLA- OG REKSTRAR

Framkvæmdastjóri: Jónas Guðmundsson

Sviðið sér um bókhald, fjársýslu og uppgjör. Meðal annarra verkefna sviðsins eru innkaup á tækjum, búnaði og öðrum rekstrarvörum, útboð verkþátta og meiri háttar innkaupa, auglýsinga- og markaðsmál, umsjón og rekstur fasteigna, póst- og boðsendingar stofnana. Ennfremur heyra mötuneyti, bókasafn og vefmál HH undir sviðið.



Innan Sviðs fjármála og rekstrar eru eftirfarandi einingar:

- Deild rafrænnar þjónustu
- Bókhaldsdeild
- Fjárreiðudeild
- Eigna- og innkaupadeild
- Mötuneyti
- Bókasafn

Deild rafrænnar þjónustu sér um rekstur, viðhald, þróun og innleiðingu á hug- og vélbúnaði, net- og fjárskiptakerfum auk gagnagrunna HH ásamt afritatöku. Deildin fer með umsjón sjúkraskráa HH (s.s. Sögu og Ískrá), nýtingu og þróun heilbrigðisupplýsingakerfa í samstarfi við aðra ábyrgðaraðila. Hún hefur yfirumsjón með innleiðingu upplýsingakerfa, rafrænum samskiptum og samræmingu á skráningu heilbrigðisgagna. Deildin sér um alla

notendabjónustu við starfsmenn varðandi upplýsingatæknimál. Deildin hefur umsjón með tilrauna- og þróunarverkefnum á sviði heilbrigðis- og upplýsingatækni og sér um þróun rafrænnar þjónustu við starfsmenn HH.

SKRIFSTOFA LÆKNINGAFORSTJÓRA

Lækningaforstjóri: Lúðvík Ólafsson

Lækningaforstjóri er faglegur yfirmaður lækna og annarra starfsmanna á sviði lækninga. Hann hefur eftirlit með gæðamálum á sínu sviði og er umsjónarmaður sjúkraskrárkerfa HH.

Lækningaforstjóri er sóttvarnarlæknir höfuðborgarsvæðisins og hefur einnig yfirumsjón með Héraðsvakt heilsugæslunnar, sem sinnir útköllum vegna mannskaðarannsóknna og annarra lögreglumála.

Á skrifstofu lækningaforstjóra eru veittar upplýsingar og leiðbeiningar til notenda HH, jafnframt móttöku kvartana og kæra. Skrifstofan sér um skipulag og afgreiðslu Héraðsvaktar heilsugæslunnar og einnig útgáfu sóttvarna- og dánarvottorða. Skrifstofan hefur umsjón með að afrit af rafrænum sjúkraskráum séu í öruggri vörslu samkvæmt lögum. Móttaka og varsla sjúkraskráa fyrir hönd landlæknis eru meðal annarra verkefna skrifstofunnar.

Undir lækningaforstjóra heyra einnig iðjubjálfi, læknisþjónusta á tveimur hjúkrunarheimilum auk tímabundinna verkefna.

SKRIFSTOFA HJÚKRUNARFORSTJÓRA

Hjúkrunarforstjóri: Þórunn Ólafsdóttir

Hjúkrunarforstjóri er faglegur yfirmaður hjúkrunarfræðinga og annarra starfsmanna á sviði hjúkrunar.

Meðal verkefna hjúkrunarforstjóra er eftirlit með mönnun, gæðamálum og uppbyggingu og þróun á sviði hjúkrunar.

Undir hjúkrunarforstjóra heyra einnig starfsmenn Vistunarmatsnefndar höfuðborgarsvæðisins og ýmis verkefni.

ÁRSVERK Í STJÓRNSÝSLU OG VERKEFNUM 2012

	Ársverk
Stjórnsýsla	
Skrifstofa forstjóra	2,00
Starfsmannasvið	4,25
Svið fjármála og rekstrar*	20,53
Skrifstofa lækningarforstjóra	4,36
Hjúkrunarforstjóri	3,24
Verkefni	
Námsstöður lækna	5,57
Tannheilsa skólabarna	2,44
Hvert	0,13
Ársverk alls	42,52

*Innan Sviðs fjármála og rekstrar eru 6 einingar, sjá upplýsingar um sviðið.





UM STOFUNA

Forstöðumaður: Jóhann Ágúst Sigurðsson

Heimilisfang: Þönglabakka 1, 109 Reykjavík

Meginviðfangsefni Þróunarstofu eru á sviði fræðslu og kennslu, vísinda, forvarna, gæða- og lyfjamála. Þróunarstofa styður þannig við akademískt hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) sem háskólaheilsugæslu. Á vegum stofunnar er einnig starfrækt sérhæfð ung- og smábarnavernd lítilla fyrirbura. Þjónustan er fyrir börn fædd fyrir 32 vikna meðgöngu og/eða með fæðingarþyngd undir 1500 grömmum.

Margir starfsmenn Þróunarstofu eru jafnframt í klínískri vinnu á heilsugæslustöðvum. Auk þess eru tveir akademískir starfsmenn Hjúkrunardeildar Háskóla Íslands (HÍ) í tengdum stöðum við Þróunarstofu. Á árinu var hluta af störfum þriggja heimilislækna bætt við starfssvið stofunnar.

Marklýsingin „Áherslur í starfi Þróunarstofu var endurskoðuð fyrir árin 2012-2013 og er nú aðgengileg á vef Heilsugæslunnar.

FRÆÐSLA OG KENNSLA

Sem fyrr hefur fræðsla fyrir almenning skipað veigamikinn sess í starfi innan HH. Brjóstagjafanámskeið eru haldin einu sinni til tvisvar í mánuði allt árið um kring. Auk þessu eru haldin regluleg námskeið fyrir verðandi foreldra og sérstök tvíburanámskeið. Foreldranámskeið á pólsku og ensku eru haldin á 3ja mánaða fresti.

Á vef HH er hægt að nálgast fjölbreytt fræðsluefni, til dæmis um meðgöngu og fæðingu, brjóstagöf, þroska barna, slysavarnir og tannvernd. HH tekur þátt í samstarfi um forvarna- og fræðslusíðuna 6H (www.6H.is), þar sem boðið er upp á efni fyrir börn, unglinga, foreldra og fagfólk. Starfsfólk Þróunarstofu hefur einnig tekið þátt í almennri umræðu og fræðslu um heilbrigðismál í fjölmiðum.

Þróunarstofa tekur þátt í símenntun í samvinnu við starfsmannasvið. Fræðadagar heilsugæslunnar voru haldnir í fjórða sinn 15. – 16. nóvember. Fræðadagarnir hafa fest sig í sessi sem sameiginlegur vettvangur símenntunar allra starfsmanna. Skráðir þátttakendur voru 477, þar af 126 utan HH.

Starfsfólk Þróunarstofu tók auk þess þátt í að móta og hafa umsjón með fjölmörgum námskeiðum fyrir heilbrigðisstéttir. Þar má nefna námskeið um vísindalega aðferðafræði

(Sólvangsdagar), áhugahvetjandi samtal (styrkt var af Lýðheilsusjóði), mæðravernd, fræðsludag ljósmæðra, námskeið fyrir nýja skólahjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfræðinga í ung- og smábarnavernd, verklag við Ískrána (Ískrárdagar) og vinnusmiðjur um þroskaskimunartækin BRIGANCE og PEDS. Í samvinnu við HÍ og Félag íslenskra heimilislækna var haldið námskeið í Kríunesi um kennslu í sérfræðinámi í heimilislækningum. Námskeiðið sóttu heimilislæknar af öllu landinu.



„Fróðleiksmolar“ frá mæðravernd hafa verið vinsælt og vel þegið lesefni um fagleg málefni er tengjast mæðravernd.

Heilsugæslan tekur virkan þátt í starfsþjálfun og annarri kennslu heilbrigðisstétta skv. ákvæðum í reglugerðum og samstarfssamningi milli HH og Háskóla Íslands. Prófessorinn í heimilislækningum hefur fasta starfsaðstöðu á Þróunarstofu.

Á hverju ári eru um 50 læknanemar á 2. ári í klínísku námi í samskiptafræðum úti á heilsugæslustöðvum á vormisseri, alls 4 daga. Á haustmisseri eru að jafnaði um 50 læknanemar á 6. ári á heilsugæslustöðvum í 4 vikur í senn, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Í mæðravernd hefur 20-40% staða verið mönnuð með hléum sem námsstaða í kvenlækningum undirhandleiðslu fæðingalækna Þróunarstofu.

Klínísk kennsla í heilsugæsluhjúkrun fer fram á heilsugæslustöðvum undir stjórn kennara í hjúkrun, sem eru jafnframt í tengdum stöðum við HH og hjúkrunarfræðinga sem eru starfsmenn HH. Á haustmisseri eru um 60-70 nemar á stöðvunum, 3 vikur hver. Að auki fá hjúkrunarfræðinemar vikulanga kynningu á heimahjúkrum.

Mikið ráðgjafastarf við heilsugæslustöðvar fer fram í gegnum síma og tölvupóst, með formlegum fundum og óformlegum samskiptum.

VÍSINDI, ÞRÓUN OG GÆÐI

Lögð var áhersla á að bæta þekkingargrunn heilsugæslunnar með því að efla rannsóknir og þróunarverkefni í heilsugæslu og að starfsfólk HH taki í ríkari mæli sjálft þátt í vísindastarfi. Vísindanefnd HH og Háskóla Íslands er meðal annars ætlað að framfylgja ofanefndri stefnu. Nefndin afgreiddi alls 7 umsóknir um rannsóknir á árinu á árinu.


Á árinu lauk gagnasöfnun og innslætti rannsóknarinnar „Barneign og heilsa“, sem er umfangsmikil langtíma ferilrannsókn á barneignarferlinu, með þátttöku kvenna um allt land. Fyrsta greinin út þessari rannsókn birtist á árinu í Ljósmæðrablaðinu.

Faghópur um Sögumál vann áfram að frekari þróun sjúkraskrárkerfisins Sögu.

Starfandi er vinnuhópur um skráningu hjúkrunar í ung- og smábarnavernd sem hefur það að markmiði að samræma skráningu hjúkrunarfræðinga í ung- og smábarnavernd. Sviðsstjóri ung-

og smábarnasviðs á Þróunarstofu leiðir þessa vinnu ásamt hjúkrunarfræðingi á Deild rafrænnar þjónustu. Hópur ofurnotenda í skráningu hjúkrunar í ung- og smábarnavernd hittist einnig reglulega með hjúkrunarfræðingi á Deild rafrænnar þjónustu og sviðsstjóra ung- og smábarnasviðs Þróunarstofu. Hver heilsugæslustöð skipar einn ofurnotanda í ung- og smábarnavernd sem mætir á fundi og leiðbeinir síðan hjúkrunarfræðingum á sinni stöð að tileinka sér rétta skráningu.

Fús – Fræðslu- og útgáfuhópur ung- og smábarnaverndar og ritnefnd 6H vann á árinu áfram að því að samræma fræðsluefni, sem ætlað er til notkunar í heimavitjunum hjúkrunarfræðinga í ung- og smábarnavernd. Notast er við hugmyndafræði 6H heilsunnar sem hefur gefið góða raun í skólaheilsugæslunni undanfarin ár. Vinna að samræmdu fræðsluefni sem ætlað er til notkunar fyrir hjúkrunarfræðinga í lykilaldursskoðunum á stöð hófst á árinu. Notast er áfram við hugmyndafræði 6H heilsunnar.



Brjóstagjafaráðgjafar sem starfa innan HH funda reglulega á Þróunarstofu með sviðsstjóra ung- og smábarnasviðs. Verkefnaáætlun um þjónustu brjóstagjafaráðgjafa innan ung- og smábarnaverndar hjá HH var gefin út haustið 2012.

Á árinu var unnið að gagnasöfnum úr niðurstöðum PEDS og BRIGANCE þroskaskimunarprófanna sem eru notuð í ung- og smábarnavernd á landsvísu og voru fyrstu niðurstöður kynntar á Fræðadögum. BRIGANCE skimunarprófið var þýtt og staðfært fyrir 2 ½ árs og 4 ára gömul börn og er þroskamat sem skimar eftir frávikum í þroska barna í skólafærni/forskólafærni, samskiptafærni og hreyfifærni. PEDS er annað skimunarpróf fyrir þroska barna og kannar áhyggjur foreldra af málþroska, heyrn, fínheyringum, hegðun og almennri þroskaframvindu sem eru þættir sem spá fyrir um raunveruleg vandamál barna frá fæðingu til 8 ára aldurs. Bæði skimunarprófin voru þýdd og staðfærð í samstarfi Embættis landlæknis, Námsmatsstofnunar og HH og hafa verið í notkun á

landsvísu síðan haustið 2009 en verið á rafrænu formi síðan 2010. Haldið verður áfram að vinna að stöðlun þessara prófa á næsta ári.

Sviðsstjóri ung- og smábarnasviðs var skipaður fulltrúi HH í vinnuhópi á vegum Velferðarráðuneytisins „Verkefni 8 – Viðbragðsáætlun verði sett fram gegn offitu og taki til allra þátta þjóðfélagsins og þjónustustiga heilbrigðiskerfisins“. Í vinnuhópnum voru einnig fulltrúar frá Embætti landlæknis, HÍ, Reykjalundi, Velferðarráðuneytinu, Félag fagfólks um offitu og LSH. Aðgerðaráætlun til að draga út tíðni offitu var skilað til ráðuneytisins í lok árs.

Rannsóknin „*Tíðni sýkinga hjá börnum og fjölskyldumeðlimum þeirra*“ hófst í lok árs og eru sviðsstjóri ung- og smábarnasviðs og forstöðumaður Þróunarstofu í rannsóknarhópnum ásamt tveimur heimilislæknum sem starfa innan HH. Foreldrum 18 mánaða barna í ung- og smábarnavernd er boðin þátttaka. Safnað er upplýsingum með framvirkum hætti um sýkingar hjá barni og fjölskyldumeðlimum þeirra í 30 daga. Sex heilsugæslustöðvar innan HH taka þátt í rannsókninni ásamt fjórum stöðvum á landsbyggðinni. Gagnasöfnum verður í eitt ár.

Líkaminn minn er forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Verkefnið var innleitt árið 2011 og felur í sér að hanna og þróa kennsluefni fyrir skólahjúkrunarfræðinga, auk 4 klst. námskeiða fyrir hjúkrunarfræðingana. Verkefnið er á landsvísu.

Markmið www.6h.is verkefnisins er að vinna að markaðssetningu 6h vefsins auk þess að vinna frekar að þróun hans. Verkefnið var styrkt af Forvarnarsjóði. Vefurinn hlaut viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberum rekstri á málþingi sem haldið var á vegum Fjármálaráðuneytisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Verið er að endurskoða fræðsluefni í kynfræðslu á vegum skólahjúkrunarfræðinga auk þess að þróa nýtt efni fyrir nemendur í 10. bekk. Áætluð verklok haustið 2013.

Skólasvið Þróunarstofu hefur tekið þátt í þverfaglegri vinnu á vegum Embættis landlæknis sem lítur að gerð tilmæla fyrir heilsuvernd grunnskólabarna. Tilgangur verkefnisins er að samræma heilsuvernd skólabarna á landsvísu með skilgreindum markmiðum og árangursviðmiðum. Þessu verkefni fylgir einnig að innleiða samræmt skráningarkerfi, Ískrá, á landsvísu.

Markmið verkefnisins „Heilsan mín“ er að stuðla árangursríkri þjónustu á vegum heilsugæslunnar sem styður fjölskyldur í að efla heilsusamlegar matar- og hreyfivenjur. Markhóparnir eru tveir; verðandi mæður með líkamsþyngdarstuðul yfir 30 og foreldrar ungra barna yfir kjörþyngd. Íhlutunin verður með tvennum hætti, annars vegar einstaklingsráðgjöf og hins vegar hópnámskeið. Á árinu var lokið við að útbúa leiðbeiningar og gögn til notkunar við íhlutun. Í lok ársins var unnið var að því að kynna verkefnið fyrir stjórnendum og öðru fagfólki. Stefnt er að því að innleiða verkefnið árið 2013. Verkefnið er styrkt af Lýðheilsusjóði.

Nokkur rannsóknarverkefni eru í gangi í tengslum við ofþyngd og offitu barna. Þessi verkefni eru unnin í samstarfi við kennara Lýðheilsudeildar og Hjúkrunarfræðideildar HÍ en auk þess hafa Bs og Ms nemendur komið að nokkrum verkefnum. Innihald rannsóknarverkefnanna eru m.a. „Þróun offitu barna“, „Yfirlit yfir meðferðarúrræði fyrir of feit ung börn“, „Hvenær byrja börn að fitna?“, „Tengsl offitu barna og lífsstílsþátta“, „Tengsl offitu barna við sjálfsmynd og líðan“ og „Árangur námskeiða fyrir foreldra offeitra ungra barna“.

Heilbrigði og velferð er nú einn af sex grunnþáttum í Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. Gefin verða út sex rit í tengslum við grunnþættina. Skólasviðið kemur að ritinu um Heilbrigði og velferð.



Þróunarstofa heilsugæslunnar vinnur að tannheilsumálum í samstarfi við Velferðarráðuneyti, Tannlæknafélag Íslands, Sjúkratryggingar Íslands, Embætti landlæknis, Barnaheill, Umboðsmannt barna, Velferðarvaktina og aðra þá sem málið varðar.

Þróunarstofa átti fulltrúa í mótun velferðarstefnu, um markmið og aðgerðir í Heilbrigðisáætlun til ársins 2020, er varða tannheilsu landsmanna. Þróunarstofa átti fulltrúa í starfshópi á vegum Velferðarráðuneytis sem skilaði tillögum til ráðherra 3. október 2012 um framtíðarfyrirkomulag tannlækninga barna auk áætlunar um innleiðinguna í áföngum til ársins 2018. Áherslur tannverndar í ung- og smábarnavernd hafa verið endurskoðaðar og verklagsreglum breytt í lykilaldursskoðunum 5 mánaða til 4 ára barna með áherslu á mikilvægi tannhirðu frá því fyrsta tönn er sýnileg í munni. Fræðsluefni um tannvernd er stöðugt í endurskoðun og er aðgengilegt á vef HH.

Áfram er unnið að skipulagsbreytingum tannverndar innan leik- og grunnskóla með áherslu á daglega tannburstun í leikskólum og vikulega flúorskolun í grunnskólum. Þróunarstofa vinnur í samstarfi við Tannlæknadeild Háskóla Íslands að undirbúningi norrænnar rannsóknar á áhrifum fræðslu á tannhirðuvenjur og tannheilsu tólf ára barna í Reykjavík.

Unnin var greinargerð um lyfjaávisanir lækna HH. Þar kom meðal annars fram að verðmæti ávísaðra lyfja árið 2011 var 3,6 miljarðar og var það nánast sama upphæð og árið 2010, þótt nokkrar breytingar hafi orðið í einstökum lyfjaflokkum. Má því segja að ágætlega hafi tekist að halda í horfinu. Greinargerðin er kynnt á vef HH. Almenn lyfjafræðileg þjónusta við heilsugæslustöðvarnar var með svipuðu sniði og áður. Gæðahandbókum var viðhaldið fyrir allar heilsugæslustöðvar innan HH. Í samvinnu við Landlæknisembættið og Háskóla Íslands var unnið að rannsókn á meðferðarhæðni við lyfjaávisanir lækna Heilsugæslunnar, áhrifum af hækkun á kostnaðarhlutdeild sjúklinga árið 2010 og breytileika eftir sjúklingahópum. Grein um niðurstöður rannsóknarinnar var birt í netaðgangi í september 2012 og 2013 í febrúarhefti fræðiritsins Family Practice. Hafin var undirbúningur að rannsókn á ávísunum á svefnlyf og róandi lyf, nýgengi og tengslum við sjúkdómaklasa.

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	3,50
Tannlæknar	0,40
Ljósmæður	0,90
Lyfjafræðingar	1,00
Læknar	1,94
Ritarar	0,48
Ársverk alls	8,22



UM STÖÐINA

Þjónustusvæði: Starfar á landsvísu

Heimilisfang: Þönglabakka 1, 109 Reykjavík

Forstöðumaður: Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur

Þroska- og hegðunarstöð (ÞHS) sinnir sérhæfðri 2.–3. stigs þjónustu á landsvísu vegna 0–12 ára barna með vísbendingar um frávík í þroska, hegðun eða líðan. Markmið starfseminnar er að efla lífsgæði og framtíðarhorfur barna, draga úr hamlandi áhrifum hvers kyns frávíka og vinna gegn þróun alvarlegri vanda.

Starfið, sem einkennist af þverfaglegri teymisvinnu, byggir á viðurkenndum klínískum leiðbeiningum og gagnreyndri þekkingu. Innan starfshópsins er fagfólk með mismunandi fagmenntun og víðtæka reynslu og sérþekkingu á þroska- og hegðunarvanda barna.

Helstu þættir þjónustu fyrir börn, foreldra og fagfólk:

- Frumgreining þroska- og hegðunarfrávíka barna að grunnskólaaldri
- Nánari greining vegna vísbendinga um ADHD og skyldar raskanir hjá 4–12 ára börnum
- Ráðgjöf og meðferð í kjölfar greiningar
- Eftirfylgd í þjónustuúrræði
- Gerð og dreifing fræðsluefnis fyrir foreldra og fagfólk
- Sérhæfð námskeið/færniþjálfun fyrir fagfólk, foreldra og börn
- Starfsþjálfun og handleiðsla háskólanema
- Þróunarstarf og rannsóknir í samstarfi við aðrar stofnanir og fagaðila

AF STARFSEMINNI


Árið 2012 var svipað og næstu ár á undan að því leyti að töluvert meira barst inn af nýjum beiðnum en mögulegt var að sinna jafnóðum með mannafla stöðvarinnar. Biðtími eftir greiningu hélt því áfram að lengjast og að jafnaði taldi biðlistinn 150 til 170 börn. Biðtími eftir greiningarþjónustu var á bilinu 2–5 mánuðir fyrir forgangsmál og 5–9 mánuðir fyrir önnur. Almennt er biðtíminn lengri fyrir börn sem vísað er í nánari greiningu vegna hegðunar- og geðvanda heldur en í frumgreiningu vegna annars þroskavanda. Mikið var um fyrirspurnir jafnt frá foreldrum og tilvísendum um hvenær tiltekin mál kæmust að og töluvert um áköll um aukinn forgang vegna alvarlegrar stöðu barna sem biðu greiningar. Í mjög mörgum tilfellum hafði biðtíminn orðinn mun lengri en ásættanlegt getur talist. Slík töf á því að börn fá nauðsynlega íhlutun og meðferð getur haft margvíslegar neikvæðar afleiðingar fyrir þau til frambúðar.

Ofangreind staða stuðlaði áfram að viðvarandi álagi á starfsfólk PHS, ekki síst þar sem engar vísbendingar voru í sjónmáli um að breytinga væri að vænta á þessari þróun.

Undanfarin ár hefur í auknum mæli verið þrýst á PHS að leggja af aldurstakmarkanir fyrir þjónustu vegna barna með ADHD og skyldar raskanir. Á árinu 2012 varð merkanleg aukning á óskum um að vísa mætti börnum að 18 ára aldri í greiningu á PHS, og sérstaklega bent á að sárlega vantaði slíka þjónustu fyrir börn í efstu bekkjum grunnskóla. Þrýstingur um þjónustu fyrir 12–18 ára hópinn hefur komið úr mörgum áttum, m.a. frá foreldrum, skólasálfræðingum, skólahjúkrunarfræðingum, heimilislæknum og hagsmunasamtökum. Æ erfiðara er að verja þessa mismunum sem er í þjónustu PHS við börn eftir aldri, enda eru engin haldbær rök fyrir 12 ára aldurstakmarkinu nema þau að fjármagn skortir.

Áfram var mikil aðsókn að öllum meðferðar/færniþjálfunarnámskeiðum fyrir foreldra og börn sem stöðin stendur fyrir. Í anda hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og forvarna var áhersla lögð á að láta framboð námskeiða haldast að mestu í hendur við eftirspurn. Einnig var sú nýbreytni tekin upp á árinu að foreldrum á biðlista var boðin þátttaka á foreldranámskeiðum vegna barna með ADHD þótt endanleg greining á einkennum barnsins hafi ekki farið fram. Þetta samræmist verklagi byggðu á klínískum leiðbeiningum NICE sem tekið var upp haustið 2010 og lýst í síðustu ársskýrslu. Þannig bauðst aukin þjónusta fyrir hluta barna á biðlista, en sem leiddi jafnframt til fjölgunar ADHD námskeiða. Leiðbeinendur á ADHD námskeiðunum komu eingöngu frá PHS, enda sérstakrar þekkingar og reynslu krafist, en á öðrum námskeiðum voru leiðbeinendur bæði úr hópi starfsmanna og utanaðkomandi fagaðila sem fengið hafa viðeigandi þjálfun á PHS. Á árinu var bætt við nýju foreldranámskeiði á PHS, Klókir litlir krakkar sem er úrræði vegna 3-6 ára barna með kvíðaeinkenni og í áhættu um að þróa kvíðaraskanir. KLK námskeiðið var hluti af útskriftarverkefni sálfræðinema frá Árósháskóla og var samstarfsverkefni PHS og BUGL. Námskeið PHS eru flest haldin utan hefðbundins vinnutíma og eru að hluta til kostuð af þátttakendagjöldum og að hluta til með utanaðkomandi styrkveitingum sem starfsfólk aflar. Styrkir sem fengust árið 2012 til námskeiða og annarra sérverkefna voru: Frá Lýðheilsusjóði kr. 300.000 til ADHD námskeiða, kr. 250.000 til rannsóknarverkefnis um RCADS kvíðamatslista fyrir börn og kr. 400.000 vegna KLK námskeiðsins. Að auki fékk KLK námskeiðið kr. 340.000 frá Forvarnasjóði Reykjavíkur. Samfélagssjóður Landsbankans veitti kr. 500.000 til rannsóknarverkefnis um BRIEF matslistann og Kvenfélag Garðabæjar gaf kr. 200.000 til tækjakaupa. Styrkir á árinu námu samtals kr. 1.990.000.

Fagfólk PHS sinnti sem áður stundakennslu við Sálfræði- og Læknadeild Háskóla Íslands (HÍ). Sálfræðingar höfðu með höndum starfsþjálfun og handleiðslu sálfræðinema í framhaldsnámi. Þrír Cand.Psych. sálfræðinemar voru í 9 vikna



starfsnámi og annar tók þjálfunareiningu við greiningu og eftirfylgd barns með ADHD. Einn Cand.Psych. nemi til viðbótar tók þjálfunareiningu við að kenna Snillinganámskeið á PHS.

Á árinu var sem fyrr mikið og reglulegt samstarf við fagfólk annarra stofnana sem þjóna börnum. Hér má nefna heilsugæslustöðvar, grunn- og leikskóla, þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur, sérfræðiskrifstofur skóla á landsvísi, GRR og Barna- og unglingageðdeild LSH (BUGL). PHS og BUGL eiga fasta mánaðarlega samráðs- og handleiðslufundi. Þá hefur PHS verið í samstarfi vegna ýmissa rannsókna m.a. við BUGL, Mentis Cura og HÍ. Einn Einn fagaðili PHS flutti með erindi á Fræðadögum heilsugæslunnar í nóvember.

STARFSEMIN Í TÖLUM 2012

Þessar tölur eru ekki úr Sjúkraskrárkerfinu SÖGU

Nýjar tilvísanir til þroska- og hegðunarstöðvar	368
Frá heilsugæslustöðvum	154
Frá öðrum stofnunum	214
Frá höfuðborgarsvæði	322
Frá öðrum landshlutum	46
Tilvísanir vegna ADHD og skyldra raskanna	211
Tilvísanir vegna annars þroskavanda	157
Börn á leikskólaaldri eða yngri við tilvísun	219
Börn á grunnskóla aldri við tilvísun	149
Tilvísanir afgreiddar á árinu	326
Fjöldi í formlegt greiningarferli	267
Þar af frumgreining þroskafrávika	132
Þar af nánari greining á ADHD	135
Fjöldi í aðra afgreiðslu eða vísað frá	59
Tilvísun í frumgreiningu	34
Tilvísun í nánari greiningu	25
Skilaviðtöl með foreldrum	260
Frumgreining	125
Nánari greining	135
Skilafundir með skólum, ráðgjafaskrifstofum	65
Símaskil	75
Fjarfundir	5
Sálfræðiráðgjöf	
Fjöldi í ráðgjafarviðtöl sálfræðings	17
Fjöldi viðtala í formlegri ráðgjöf	45
Lyfjameðferð hafin og eftirfylgd barnalæknis	57
Í lyfjaeftirfylgd frá fyrra ári/árum	41

Færniþjálfunarnámskeið fyrir foreldra og börn, fjöldi námskeiða	
Uppeldisnámskeið – Uppeldi sem virkar	13
Þátttakendur: 164 foreldrar	
ADHD – námskeið um uppeldi barna með ADHD	6
Þátttakendur: 88 foreldrar	
KLK – námskeið fyrir foreldra barna með kvíða	2
Þátttakendur: 25 foreldrar	
Snillingar – færniþjálfun fyrir börn með ADHD	4
Leiðbeinendanámskeið fyrir fagfólk	
Uppeldi sem virkar	2
Þátttakendur: 40 fagaðilar	
Snillingar	3
Þátttakendur: 35 fagaðilar	

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Læknar	1,43
Sálfræðingar	7,64
Félagsráðgjafar	1,00
Iðjuþjálfar	0,90
Þroskaþjálfar	0,40
Ritarar og aðrir	3,08
Samtals	14,45





UM DEILDINA

Yfirlæknir: Þorsteinn Blöndal

Þjónustuvæði: Starfar á landsvísu í samvinnu við heilbrigðisstofnanir

Heimilisfang: Álfabakka 16, 109 Reykjavík

Hlutverk: Berklavarnir og berklaskrá, heilbrigðis skoðun innflytjenda, heilsuvernd ferðamanna og bólusetningar og forvarnir lungnasjúkdóma.

FRÁ STARFINU 2012

Berklatilfellin árið 2012 voru 11 en voru 9 2011 og 22 árið 2010. Innfæddir Íslendingar meðal tilfellanna 2012 voru tveir. Af 313 innflytjendum utan EES, sem komu til heilbrigðis skoðunar á Göngudeild sóttvarna 2012 voru 30 jákvæðir á berklaprófi (þroti > 10 mm).

Heilbrigðis skoðun innflytjenda, bólusetningar og berklaeftirlit voru með óbreyttu sniði. Kennsla og rannsóknir fóru fram og sömuleiðis samvinna við Alþjóðaheilbrigðismálastofnuna (WHO) og Evrópsku smitsjúkdómastofnunina í Stokkhólmi.

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012, 2011 OG 2010

	2012	2011	2010
Viðtöl	2.984	2.744	2.879
Símtöl	218	275	193
Annað	0	1	0
Heildarsamskipti	3.202	3.020	3.072

Neðangreindar tölur eru ekki úr Sjúkraskrárkerfinu SÖGU

	2012	2011	2010
Berklaveikir á landinu (virkir berklar)	11	9	22
Berklasmitun á landinu (þ.á.m. nýsmitaðir og innfl.)	16*	14*	34
Innflytjendur sem komu í viðtal í fyrsta sinn	313	276	289

* Lágmarkstala. Eingöngu smitanir (latent TB infection) meðal innflytjenda.

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Læknar	1,38
Ritarar	0,87
Sjúkrapjálfarar	0,3
Ársverk alls	2,55



UM STARFSSTÖÐINA

Forstöðumaður/Iðjupjálfi: Auður Axelsdóttir
Heimilisfang: Borgartún 22, 105, Reykjavík

UM STARFSEMINA

Tilgangur þjónustunnar er að bjóða fólki með geðræn vandamál og aðstandendum þeirra eftirfylgd og ráðgjöf, að efla hlutverk og þátttöku í bataferli. Stuðlað er að forvörnum, stuðlað að auknum bjargráðum vegna geðheilsuvanda, starfsendurhæfingu og fækkun sjúkrahúsinnlagna. Að auki hefur aðstoð í bráðavanda aukist undanfarin ár. Starfað er eftir batamódelinu (*recovery*) og valdeflingu (*empowerment*) í nánú samstarfi við Hugarafi.

Í teyminu starfa tveir iðjupjálfar, einn sálfræðimenntaður, einn sálfræðingur, jógakennari og tveir notendafulltrúar. Hjá Hugarafi var á árinu ráðinn batafulltrúi sem einnig tekur þátt í teymisvinnunni. Í teyminu eru allir jafnir, fagfólk og notendur. Allir aðilar deila reynslu sinni og þekkingu og vinna sameiginlega að lausn mála (*ACT-assaertive community treatment*).

Teymið leggur áherslu á sveigjanleika, auðvelt aðgengi og að mæta einstaklingum þar sem þeir eru staddir hverju sinni. Þannig fer eftirfylgdin fram á stöðinni, á heimili viðkomandi eða annars staðar þar sem við á.

Stuðningur teymisins í bráðatilfellum hefur aukist undanfarin ár og er þá í samstarfi við Læknavaktina og göngudeild LSH. Unnið er náið með tengslaneti á vettvangi og stuðningur veittur á heimili þegar krísuástand skapast. Málum er fylgt eftir svo lengi sem þörf er á og tengiliður frá Geðheilsu-eftirfylgd vinnur með einstaklingum og aðstandendum.

Samstarf hefur verið náið við aðra sem að málaflokknum koma s.s. Landspítala, heilsugæsluna, Velferðarsvið, Reykjalund og fleiri.

FRÁ STARFINU 2012

Geðheilsa-eftirfylgd og Hugarafi hafa nú starfað í 10 ár. Þegar horft er til baka þá má segja að starfinu hafi fleytt frá því að vera einn iðjupjálfi og 4 Hugarafismenn sem lögðu grunninn og í það að vera brautryðjandi Geðheilsu- og Hugarafi í nánú samstarfi sem tekur á móti fjölda manns á hverju ári ásamt því að stuðla að jákvæðum breytingum á okkar geðheilbrigðiskerfi. Eftirspurn vegna nálgunar stöðvarinnar hefur aukist og sótt er eftir reynslunni sem orðið hefur til á þessum áratug.

Undanfarin ár hefur fjölgun einstaklinga sem til okkar leita verið jöfn og stöðug. Hópurinn sem til stöðvarinnar leitar er mjög breiður og áherslur í eftirfylgdinni mismunandi. Má því segja að hér sé um eina af stærstu sálfélagslegu þjónustu og eftirfylgd að ræða á Íslandi. Það er alveg ljóst að til þess að stöðin megi vaxa og dafna áfram verður að styrkja hana betur. Forstöðumaður hefur jafnan leitað allra leiða til að efla stöðina en betur má ef duga skal. Á stöðinni hefur í gegnum árin orðið til gríðarleg reynsla og þekking á bataferli geðsjúkra. Þá þekkingu verður að nýta betur og styðja til enn frekari þróunar og framfara á geðheilbrigðissviði. Álag er mikið á starfsfólki allt árið og jafnframt hefur tekist að þjálfa starfsfólk í ofangreindri nálgun sem er nú eftirsótt og dýrmæt. Árangur nálgunar teymisins hefur komið skýrt í ljós og bent er á skýrslu Sigrúnar Höllu Tryggvadóttur, *Niðurstöður gæðakönnunar 2012* sem gerð var til að kanna ánægju notenda stöðvarinnar. Skýrsluna má finna á vef heilsugæslunnar.

Starfssemi Geðheilsu-eftirfylgdar og Hugarafls var flutt í nýtt húsnæði 8. júní 2011. Húsnæðið hefur gefist vel og er góð umgjörð fyrir ört vaxandi starfssemi. Lagður er metnaður í að veita öllum hópum góða aðstöðu, einnig viðtölum og fundum og kappkostað að notalegt andrúmsloft mæti notendum stöðvarinnar.

Nálgun stöðvarinnar hefur gefið góða raun fyrir einstaklinga með geðraskanir. Byggt er á að mæta fólki strax og vinna með þær hindranir sem upp hafa komið og fylgja síðan fólki eftir eins lengi og þörf krefur. Forvarnir, endurhæfing, eftirfylgd, aðstoð í bráðavanda, fræðsla og ráðgjöf eru áherslur stöðvarinnar og hverjum og einum einstaklingi er mætt út frá þörfum hverju sinni. Í árslok samanstóð teymið af 1 sálfræðingi 100%, einum starfsmanni með BA í sálfræði 100%, 2 iðjuþjálfum 150%, einum jógakennara 80% og tveimur notendafulltrúum í 20% stöðu. Einnig fer fram samstarf við batafulltrúa Hugarafls sem er í 50% stöðugildi. Þórhildur Sveinsdóttir iðjuþjálfari (80%) hætti störfum á árinu í lok maí. Það er mikill missir fyrir stöðina og henni voru þökkuað vel unnin störf á góðum degi. Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir iðjuþjálfari (50%) kom í hennar stað og er það mikill fengur og hún er komin vel inn í starfið. Hún þekkti starfið vel þar sem hún kom í verknám á stöðinni í sínu námi til iðjuþjálfunar. Ekki var ráðið í stöðu Þórhildar fyrr en á haustdögum þegar Jóna kom til starfa. Hluti af stöðugildi Þórhildar var á árinu notað í stöðu Jógakennara.

Að fá jógakennara, Hildi Veru Sæmundsdóttur, okkur til liðs hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfið. Það sýnir sig að hafa jóga í starfinu hefur mikil áhrif á umhverfið og eykur bjargráð þeirra einstaklinga sem það stunda af alvöru. Jógakennari sinnir einnig slökun og hugleiðslu og býður uppá einstaklingsdáleiðslu. Hér hefur aukist framboð þeirra leiða sem standa notendum til boða og nýtist vel inn í bataferli þeirra sem velja þessa leið.

Batafulltrúi Hugarafls leggur áherslu á að sinna nýliðum og að styrkja notendasýn í starfinu. Það hefur tekist afar vel og hefur verið gerður samningur við Reykjavíkurborg út árið 2012 og er það mikið fagnaðarefni. Reykjavíkurborg styrkir einnig Geðfræðslu Hugarafls og sá samningur hefur einnig verið gerður fyrir árið 2012. Fræðarar með reynslu af geðröskunum fara í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og hefur verkefnið gefið góða raun og eftirspurn verið jöfn og stöðug. Umsagnir frá skólunum eru mjög jákvæðar og sýnt að verkefnið minnki fordóma mjög hjá ungu fólki.





Notendafulltrúar taka töluverðan þunga af daglegu amstri, símsvörun, móttöku, forviðtöl, samherjaviðtöl og fleira. Einnig gegna aðrir Hugaraflsmeðlimir stóru hlutverki á stöðinni, sjá um viðtöl, hópastarf, taka á móti gestum og miðla reynslu sinni. Hér fer fram ómetanleg sjálfboðavinnu sem skilar miklum árangri. Ekki væri unnt að sinna þeirri auknu eftirspurn sem verið hefur á árinu ef ekki væri vegna framlags Hugaraflsmanna. Unghugar Hugarafls gegna veigamiklu hlutverki og leggja áherslu á að sinna ungu fólki frá 18 ára til 30 ára. Sá hópur hefur orðið út undan í heilbrigðiskerfinu og brýnt að mæta þörfum ungs fólks fyrir stuðning í bataferli.

Aðstandendavinna með tengslanet og hópastarfi hefur margsýnt fram á mikilvægt gildi og þyrfti í raun að auka. Aðstandendahópurinn hefur nú starfað jafnlengi og stöðin sjálf þ.e. 10 ár. Það hefur komið í ljós að ekki er starfandi annar hópur á höfuðborgarsvæðinu en þörfin fyrir hópinn er mjög brýn. Unnið verður að því á árinu að gera hópinn sýnilegri því það hefur komið í ljós að aðstandendur hafa sumir leitað lengi að slíkum hópi, ekki fengið

upplýsingar um hann hjá heilbrigðisstarfsfólki en haft þörf fyrir að koma miklu fyrr inn í starfið. Fagfólk stöðvarinnar hefur einnig unnið með aðstandendum í að byggja upp tengslanet þegar þörf er á og gefst sú nálgun afar vel. Aðstandendur verða meðvitaðri um hlutverk sitt, geta betur sett sjálfum sér og öðrum mörk og almenn lífsgæði aukast þegar sjáflstraustið vex. Hjá Geðheilsu-eftirfylgd er lögð áhersla á að sinna aðstandendum af metnaði. Hjá aðstandendum er að finna mikla og dýrmæta þekkingu sem er oft vanmetin. Hjá aðstandendum er einnig mikinn sársauka að finna sem brýnt er að vinna með til að minnka áhættu á heilsufarsvanda og auka bjargráð hjá þessum hópi sem sinnir veigamiklu hlutverki í bataferli sinna nánustu.

Daglega koma í hús um 50-60 manns sem nýta þjónustu Geðheilsu-eftirfylgdar og Hugarafls. Hugaraflsfélagar eru nú á þriðja hundrað einstaklingar.

Iðjubjálfunarnemar koma reglulega í vettvangsnám frá Háskólanum á Akureyri. Tveir iðjubjálfanemar sóttu verknám á árinu í 8 vikur. Tveir iðjubjálfanemar á fyrsta ári komu í viku vettvangsheimsókn. Hjúkrunarfræðingur starfandi á LSH, sótti verknám á stöðinni vegna mastersnáms í hjúkrun og iðjubjálfi kom í verknám vegna masternáms í fjölskyldumeðferð hjá HÍ. Starfsfólk búsetukjarna á Dalbraut hélt starfsdag hjá okkur, þau óskuðu eftir að fá að vera í umhverfinu og fræðast um hugmyndafræði og reynslu notanda með geðraskanir.

Samstarf hefur verið við ýmsa aðila á árinu, ber þar helst að nefna Pétur Hauksson sem hefur komið og haldið námskeið í HAM í 13 vikur. Samstarf við Geðheilsumiðstöð Breiðholts vegna fyrirhugaðrar fræðslu og kynningar á Batamódelinu. Einnig hefur verið forstöðumaður tekið þátt í þróun batamiðaðrar þjónustu á Kleppi. Samstarf við Geðverndarfélag Akureyrar var á árinu og stuðningur við fyrirhugaða stofnun Valdeflingarmiðstöðvar.

Forstöðumaður hefur eins og áður sinnt nefndarstörfum í málaflokknum á árinu. Forstöðumaður situr áfram í vinnuhópi á vegum Landlæknisembættisins, Rauða krossins, Kirkjunnar og fleiri aðila sem stuðlar að auknum forvörnum gegn sjálfsvígum. Hópurinn heldur utan um alþjóðlegan forvarndag gegn sjálfsvígum 10. september ár hvert og opnuð hefur verið heimasíðan

sjalfsvig.is. Forstöðumaður var á árinu skipaður í stjórn Lýðheilsusjóðs til þriggja ára og í geðráð Landlæknis. Innanríkisráðuneytið hefur nú til endurskoðunar lögræðislög og situr forstöðumaður í umræðuhópi um málið, einnig í vinnuhópi sem útbýr tillögur til breytinga á lögnum. Forstöðumaður hefur undanfarin ár stutt hóp á vegum Geðverndarfélags Akureyrar vegna fyrirhugaðra úrlausna í málefnum fólks með geðraskanir á Akureyri.

Forstöðumaður var boðið að halda erindi um starfsemi Geðheilsu-eftirfylgdar og Hugarafis á alþjóðlegri ráðstefnu í Dehli, sem fjallaði um geðheilbrigðismál. Nálgun stöðvarinnar og notkun Valdeflingar og batamóðelsins vakti sérstaka athygli.

STARFSSEMIN Í TÖLUM

Þessar tölur eru ekki úr Sjúkraskrárkerfinu SÖGU

Samskipti og skjólstæðingar	2012	2011	2010	2009
Skjólstæðingar í eftirfylgd	263	227	219	211
Hugarafi-meðlimir	210	119	110	80
Viðtöl	2.332	2.515	1.394	1.190
Símtöl	2.332	1.880	1.210	1.371
Vitjanir	144	207	239	289
Fjölskyldufundir	132	198	105	46
Bráðaðþjónusta	101	82	67	39
Þjálfun á vettvangi	37	26	48	38
Eftirfylgd í úrræði	106	139	160	126

Hópefli/Valdefling	2012
Hugarafi	180 stundir
Hópefli/Aðstandendur	42 stundir
Batahorn	48 stundir
Kynningar	23 stundir
Nefndarstörf	
Nýliðahópur	52 stundir
Jóga	132 stundir
Myndlist	352 stundir
Handverk	352 stundir
Önnur virkni	320 stundir

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Iðjuþjálfar	1,49
Sálfræðingar	0,83
Aðrir	2,46
Ársverk alls	4,78



STARFSEMI HEILSUGÆSLUSTÖÐVA

Hlutverk heilsugæslunnar er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu, þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi.

Stefna Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er:

- Að vera fyrsta val þeirra sem þurfa á almennri heilbrigðisþjónustu að halda
- Að vera framsækin og ábyrgur aðili í íslenskri heilbrigðisþjónustu
- Að hafa jákvæð áhrif á líf almennings
- Að vera talinn eftirsóknarverður vinnustaður.


Heilsugæslan hefur skilgreint eftirfarandi þætti sem grunnþjónustu heilsugæslustöðva:

- skipuleg móttaka lækna
- skipuleg móttaka hjúkrunarfræðinga
- smáslysaþjónusta
- símaþjónusta lækna
- símaþjónusta hjúkrunarfræðinga
- dagvakt/skyndimóttaka
- síðdegisvakt lækna
- blóðsýnataka, önnur sýnataka
- mæðravernd
- ungbarnavernd
- skólaheilsugæsla
- heilsuvernd eldri borgara
- ferðamannabólusetningar
- reglubundnar ónæmisaðgerðir

Heilsugæslustöðvarnar hafa allar sín sérkenni þó að meginstarfsemin sé eins. Yfirmenn á hverri stöð eru yfirlæknir og yfirhjúkrunarfræðingur.

Á öllum stöðvum starfa sérfræðingar í heimilislækningum, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og ritarar. Sums staðar starfa líka sérfræðingar í öðrum greinum lækisfræðinnar auk sálfræðinga, iðjuþjálfra, félagsráðgjafa, lífeindafræðinga, sjúkraliða og félagsliða.

Heimahjúkrun fyrir Reykjavík og Seltjarnarnes er veitt af Heimaþjónustu Reykjavíkur. Heimahjúkrun í Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði er sinnt frá heilsugæslustöðvum í viðkomandi bæjum en Heimaþjónusta Reykjavíkur sinnir næturþjónustu í þessum bæjum og einnig kvöld- og helgarþjónustu í Mosfellsumdæmi.



VAKTÞJÓNUSTA

Bókað er í tíma fyrir komur á heilsugæslustöð, bæði í lækniþjónustu, hjúkrunarþjónustu og heilsuvernd. Undantekningin er vaktþjónusta stöðvanna sem er kynnt hér.

DAGVAKT

Á hverri heilsugæslustöð er skipulögð dagvakt til þess að afgreiða og taka afstöðu til bráðra og óvæntra erinda sem leitað er með á heilsugæslustöð. Þar er einnig er veitt smáslsþjónusta.

Afgreiðslutími dagvaktar er á tímanum 8.00-16.00. Ekki er bókað inn á vaktina heldur er hún öllum opin sem á hana koma eða til hennar leita símleiðis. Dagvaktin er opin alla virka daga.

Á dagvakt starfa hjúkrunarfræðingur og læknir.

SÍÐDEGISVAKT

Á hverri heilsugæslustöð er skipulögð síðdegisvakt lækna til þess að afgreiða bráð erindi sem leitað er með til heilsugæslustöðva. Vaktin er venjulega opin frá kl. 16:00- 18:00.

Misjafnt er eftir stöðvum hvernig aðgangi að síðdegisvaktinni var háttað 2012. Sums staðar var hún opin öllum sem komu en annars staðar var bókað inn á vaktina með takmörkun fjölda sjúklinga sem að komst hverju sinni. Eins gat verið um takmarkanir á afgreiðslutíma yfir sumarmánuðina vegna læknskort.

Vaktin er mönuð einum lækni í hvert skipti en ef um álagstíma er að ræða eru læknar oft tveir. Móttökuritari starfar einnig á vaktinni.

FRÁ STARFINU 2012

Áfram var haldið vinnu við að auka rafræna þjónustu heilsugæslustöðvanna við skjólstæðinga en í þeirri vinnu er lögð áhersla á að tryggja upplýsingaöryggi á öllum stigum samskiptanna. Undirbúningur er hafinn að þróun rafrænna samskipta heilbrigðisstarfsmanna við skjólstæðinga HH í gegnum sérstök samskiptasvæði á vefsíðu. Það mun t.d. einfalda lyfjaendurnýjanir, tímabókanir og fyrirsurnir um niðurstöður rannsókna ofl.

Innleiðing á nýju símkerfi hófst á árinu. Fyrstu stöðvarnar sem fengu nýja kerfið voru Mjódd, Mosfellsbær, Seltjarnarnes og Miðbær. Með nýju símkerfi er hægt að stýra innhringingum í símatíma og lyfjaendurnýjanir og veita betri upplýsingar um biðtíma fyrir notendur og heilbrigðisstarfsmenn. Einnig býður kerfið upp á möguleika á miðlægri símsvörunarþjónustu.



Umfangsmiklar breytingar og lagfæringar voru gerðar á húsnæði Heilsugæslunnar í Hlíðum þar sem þak og gluggar voru endurnýjaðir en einnig fór mikill tími í viðgerð á húsnæði í kjallara eftir tjón frá hitavatnsinntaki. Hafin var utanhúsviðgerð á húsnæði Heilsugæslunnar á Seltjarnarnesi í samvinnu við Seltjarneskaupstað sem er meðeigandi hússins og undirbúningur hafinn að viðfangsmiklum endurbótum innanhúss. Þessi hús eru í eigu Fasteigna ríkissjóðs og breytingarnar unnar af þeim. Biðstofa Heilsugæslunnar í Miðbæ er samnýtt með annarri þjónustu á vegum félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Heilsugæslan hafði frumkvæði að og kostaði endurnýjun húsgagna á biðstofunni enda orðið tímabært.



Kannanir voru gerðar á bókunum tíma til lækna á heilsugæslustöðvunum í júní og desember. Könnunin fer fram einn virkan dag í hvort sinn. Kom þar m.a. í ljós að 69% allra sem óskuðu eftir tíma hjá lækni í júní fengu tíma innan 2ja daga og 60 % í desember.

Opnunartími síðdegisvakta var sums staðar styttri á sumarleyfistímanum. Af þeim sökum var boðið upp á miðlæga símsvörun á síðdegisvaktartíma frá 25. júní til og með 17. ágúst. Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöðvunum Firði og Sólvangi sáu um að manna símaþjónustuna. Könnun sem gerð var á sýndi að helmingi fleiri voru að leita upplýsinga um opnunartíma heldur en um eiginleg heilsuvandamál.

- Innhringd símtöl á tímabilinu voru 1.069.
- 723 lögðu á eftir að hafa heyrt skilaboðin á símsvaranum, en þar var boðið upp á viðtal við hjúkrunarfræðing ef óskað.
- 346 völdu að ráðfæra sig við hjúkrunarfræðing.
- Af þeim voru 125 með heilsuvanda sem hjúkrunarfræðingur skráði sem tilefni, tók afstöðu til og ráðlagði meðferð eða úrlausn.
- 221 af þeim sem völdu að tala við hjúkrunarfræðing voru að leita eftir upplýsingum um opnunartíma stöðvar, upplýsingum um úrræði í heilbrigðiskerfinu eða vildu breyta bókuðum tíma.

Þjónustusamningur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Kópavogsbæjar um samræmda þjónustu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu var framlengdur og þess má geta að verkefnið "Aukin gæði í heimahjúkrun með tilkomu félagsliða" fékk styrk frá Velferðarráðuneytinu.

Lesið má um fleiri verkefni sem tengjast heilsugæslustöðvunum í kafla Þróunarstofu og formála.

HEILSUGÆSLAN ÁRBÆ



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Gunnar Ingi Gunnarsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Ingibjörg Sigmundsdóttir

Þjónustusvæði: Árbær, Selás, Ártúnsholt, Grafarholt og Norðlingaholt

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Ingunnarskóli, Norðlingaskóli, Selásskóli, Sæmundarsel og Dalskóli.

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 16.510

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 13.801

Heimilisfang: Hraunbær 115, 110 Reykjavík

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	21.438	21.971	58
Hjúkrunarfræðingar	8.468	3.252	1.001
Ljósmaður	2.397	1.198	139
Sálfræðingar	186	297	2
Alls	32.489	26.718	1.200

Þar af vaktkomur til lækna	7.468
----------------------------	-------


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	20.195	21.812	6
Hjúkrun	6.022	2.867	369
Mæðravernd	2.299	1.162	1
Ungbarnavernd	3.785	442	816
Annað	188	435	8
Alls	32.489	26.718	1200


ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	9,22
Ljósmæður	0,94
Læknar	8,41
Sálfræðingar	0,50
Ritarar	6,78
Ársverk alls	25,85

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings





UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Þórður G. Ólafsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Hanna María Kristjónsdóttir

Þjónustusvæði: Efra Breiðholt

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Fellaskóli, Hólabrekkuskóli og Waldorfsskólinn Sólstafir

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 8.687

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 11.167

Heimilisfang: Hraunbergi 6, 111 Reykjavík

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti – Starfstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	16.560	22.058	12
Hjúkrunarfræðingar	5.003	5.197	308
Ljósmaður	1.786	1.320	9
Sálfræðingar	495	80	0
Alls	23.844	28.655	329

Þar af vaktkomur til lækna 2.964


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	15.538	21.558	11
Hjúkrun	3.110	6.849	91
Mæðravernd	1.611	42	0
Ungbarnavernd	2.826	105	227
Annað	496	99	0
Sykursýkismóttaka	263	2	0
Alls	23.844	28.655	329

ÁRSVERK 2012


Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	5,15
Ljósmaður	1,50
Læknar	7,56
Sálfræðingar	1,00
Ritarar	5,61
Ársverk alls	20,83

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstaðings



HEILSUGÆSLAN EFSTALEITI



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Gunnar Helgi Guðmundsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Guðbjörg Guðbergsdóttir

Þjónustusvæði: Fossvogshverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli, Hvassaleitisskóli og Réttarholtsskóli

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 11.165

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 8.280

Heimilisfang: Efstaleiti 3, 103 Reykjavík

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti - starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	16.504	7.516	4
Hjúkrunarfræðingar	5.126	5.352	309
Ljósmaður	781	353	1
Alls	22.411	13.221	314

Þar af vaktkomur til lækna 2.610


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	15.871	7.472	4
Hjúkrun	2.923	5.305	159
Mæðravernd	1.025	343	11
Ungbarnavernd	2.592	101	140
Alls	22.411	13.221	314

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	5,80
Ljósmaður	0,69
Læknar	9,22
Ritarar	5,85
Ársverk alls	21,56

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLAN FJÖRÐUR



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Guðrún Gunnarsdóttir

Yfirhjúkrunarfræðingur: Ingibjörg Ásgeirsdóttir

Þjónustusvæði: Hafnarfjörður og Álftanes (Heilsugæslan Sólvangi þjónar einnig þessu svæði)

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 29.227

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 10.215

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Hraunvallaskóli, Víðistaðaskóli, Öldutúnsskóli og Barnaskóli

Hjallastefnunnar

Heimilisfang: Fjarðargata 13-15, 220 Hafnarfirði

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti - Starfstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	16.109	17.168	8
Hjúkrunarfræðingar	5.517	4.412	3.857
Sjúkraliðar	3	22	4.014
Ljósmeður	1.717	547	0
Sálfræðingar	405	298	3
Alls	23.751	22.447	7.882

Þar af vaktkomur til lækna 2.793



Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjun
Almenn læknishjálp	15.244	16.984	3
Hjúkrun	2.954	4.169	289
Mæðravernd	1.855	602	0
Ungbarnavernd	3.286	331	575
Heimahjúkrun	9	62	7.007
Annað	403	299	8
Alls	23.751	22.447	7.882

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	10,71
Ljósmæður	0,80
Læknar	7,06
Sálfræðingar	0,80
Ritarar	5,75
Sjúkraliðar	3,42
Ársverk alls	28,54

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLAN GARÐABÆ



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Bjarni Jónasson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Jóna Guðmundsdóttir

Þjónustuvæði: Garðabær

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Garðaskóli, Flataskóli, Hofstaðaskóli, Sjálandsskóli, Barnaskóli
Hjallastefnunnar og Alþjóðaskólinn

Fjöldi íbúa á þjónustuvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 11.449

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 9.877

Heimilisfang: Garðatorg 7, 210 Garðabæ

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	15.872	20.984	26
Hjúkrunarfræðingar	5.652	1.767	148
Ljósmeður	1.373	451	143
Félagsráðgjafar	502	462	2
Alls	23.399	23.664	319

Þar af vaktkomur til lækna	2.006
----------------------------	-------


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtal	Símtal	Vitjun
Almenn læknishjálp	15.256	20.971	24
Hjúkrun	4.449	1.844	46
Mæðravernd	1.020	327	0
Ungbarnavernd	2.169	59	242
Annað	505	463	7
Alls	23.399	23.664	319

SKRÁÐ SAMSKIPTI Í HEIMAHJÚKRUN 2012

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Hjúkrunarfræðingar	1	1.232	4.213
Sjúkraliðar	0	60	4.909
Alls	1	1.292	9.122


ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Félagsráðgjafar	0,90
Hjúkrunarfræðingar	7,49
Lífeindafræðingar	0,80
Ljósmaður	0,07
Læknar	7,31
Ritarar	5,25
Sjúkraliðar	1,89
Ársverk alls	23,71



SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings





UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Kristján G. Guðmundsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Sigrún K. Barkardóttir

Þjónustusvæði: Voga- og Heimahverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Langholtsskóli og Vogaskóli

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 9.467

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 7.723

Heimilisfang: Álfheimar 74, 104 Reykjavík

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti – Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	13.084	11.681	23
Hjúkrunarfræðingar	4.137	2.582	350
Ljósmæður	2.580	1.416	23
Sálfræðingar	101	216	3
Alls	19.902	15.895	399

Þar af vaktkomur til lækna	2.409
----------------------------	-------


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	12.341	11.773	20
Hjúkrun	3.299	3.669	216
Mæðravernd	1.387	71	0
Ungbarnavernd	2.474	114	150
Heilsuvernd aldraðra	295	149	9
Annað	106	119	4
	19.902	15.895	399

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	3,93
Ljósmæður	1,49
Læknar	6,18
Sálfræðingar	0,51
Ritarar	3,52
Ársverk alls	15,62

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLAN GRAFARVOGI



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Guðbrandur Þorkelsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Sigríður Brynja Sigurðardóttir

Þjónustusvæði: Grafarvogshverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Borgaskóli, Engjaskóli, Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli, Korpuskóli, Rimaskóli og Víkurskóli

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 17.838

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 15.850

Heimilisfang: Spönginni 35, 112 Reykjavík

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	23.178	20.187	14
Hjúkrunarfræðingar	7.447	5.137	790
Iðjuþjálfar	385	166	60
Ljósmóðir	3.131	1.158	152
Félagsráðgjafar	498	351	13
Sálfræðingar	681	114	28
Alls	35.320	27.113	1.057

Þar af vaktkomur til lækna 4.914


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	21.558	20.180	8
Hjúkrun	5324	5.663	224
Mæðravernd	2.457	220	1
Ungbarnavernd	4.413	412	721
Annað	1.568	638	103
Alls	35.320	27.113	1.057

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Félagsráðgjafar	1,24
Hjúkrunarfræðingar	7,52
Iðjuþjálfar	0,71
Ljósmæður	3,77
Læknar	10,32
Sálfræðingar	1,00
Ritarar	9,39
Ársverk alls	33,95

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLAN HAMRABORG



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Kristjana Kjartansdóttir

Yfirhjúkrunarfræðingur: Sigríður A. Pálmadóttir

Þjónustusvæði: Kópavogur vestan Digranesv. að Bröttubrekku, norðan Fífuhamms- og Nýbýlav.

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 10.358

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 9.650

Heimilisfang: Hamraborg 8, 200 Kópavogi

Nokkur samrekstur er á hjúkrunarhluta Hvamms og Hamraborgar en lækningahluti er aðskilinn.

Heimahjúkrun fyrir allan Kópavog er rekin frá Hamraborg.

Grunnskólar í umsjón Hvamms og Hamraborgar: Álfhólsskóli, Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Smáraskóli og Snælandsskóli

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	13.629	17.892	35
Hjúkrunarfræðingar	5.956	1.995	438
Ljósmaður	1.478	646	57
Sálfræðingar	321	262	0
Alls	21.384	20.795	530

Þar af vaktkomur til lækna 1.804


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	12.316	18.124	35
Hjúkrun	4.168	1.632	140
Mæðravernd	1.418	623	0
Ungbarnavernd	3.090	123	307
Sykursýkismóttaka	68	17	0
Annað	324	276	48
Alls	21.384	20.795	530

SKRÁÐ SAMSKIPTI Í HEIMAHJÚKRUN 2012

Heildarsamskipti - starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	0	16	2
Hjúkrunarfræðingar	31	7.456	9.333
Sjúkraliðar	1	1.530	29.302
Félagsliðar og aðrir	0	543	12.337
Alls	32	9.545	50.974


ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	12,98
Ljósmaður	1,20
Læknar	6,88
Sálfræðingar	1,00
Sjúkraliðar	14,03
Félagsliðar og aðstoðarfólk	6,60
Ritarar	5,85
Ársverk alls	48,54



SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLAN HLÍÐUM



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Stefán Finnsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Eva Kristín Hreinsdóttir

Þjónustusvæði: Svæðið milli Snorrabrautar og Kringlumýrarbrautar.

Grunnskólar í umsjón stöðvarinnar: Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóli, Öskjuhlíðarskóli, Brúarskóli og Barnaskóli Hjallastefnunnar.

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 11.680

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 9.057

Heimilisfang: Drápuhlíð 14 - 16, 105 Reykjavík

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti - starfstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	13.154	14.845	21
Hjúkrunarfræðingar	6.938	3.756	489
Ljósmaður	1.839	1.444	4
Sálfræðingar	301	127	0
Alls	22.232	20.172	514

Þar af vaktkomur til lækna	2.613
----------------------------	-------



Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	11.114	14.836	21
Hjúkrun	5.292	3.309	163
Mæðravernd	1.836	1.411	0
Ungbarnavernd	3.311	480	326
Heilsuvernd aldraðra	372	0	3
Annað	307	136	1
Alls	22.232	20.172	514

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	6,08
Ljósmæður	1,10
Læknar	5,57
Sálfræðingar	1,00
Ritarar	4,43
Ársverk alls	18,18

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLAN HVAMMI



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Sigurður V. Guðjónsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Sigríður A. Pálmadóttir

Þjónustusvæði: Kópavogur austan Digranesvegur og Bröttubrekku, sunnan Kópavogslækjar (Fífuhamms) og sunnan Nýbýlavegar (með Hólmum).

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 9.147

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 9.099

Heimilisfang: Hagasmára 5, 200 Kópavogi

Nokkur samrekstur er á hjúkrunarhluta Heilsugæslunnar Hvammi og Heilsugæslunnar Hamraborg en lækningahluti er aðskilinn. Heimahjúkrun fyrir allan Kópavog er rekin frá Hamraborg.

Grunnskólar í umsjón Hvamms og Hamraborgar: Álfhólsskóli, Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Smáraskóli og Snælandsskóli

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2011

Heildarsamskipti – Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	14.058	18.690	10
Hjúkrunarfræðingar	3.925	2.389	217
Ljósmaður	1.284	642	127
Alls	19.267	21.721	354

Þar af vaktkomur til lækna	1.027
----------------------------	-------


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	13.084	19.021	9
Hjúkrun	2.879	2.529	134
Mæðravernd	1.136	30	0
Ungbarnavernd	2.086	125	208
Sykursýkismóttaka	82	11	0
Annað	0	5	3
Alls	19.267	21.721	354

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	4,74
Ljósmaður	1,36
Læknar	7,33
Ritarar	5,45
Ársverk alls	18,88

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLAN MIÐBÆ



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Sigríður Dóra Magnúsdóttir

Yfirhjúkrunarfræðingur: Jóhanna Eiríksdóttir

Þjónustusvæði: "Gamli miðbærinn" vestan Snorrabrautar og norðan Hringbrautar

Grunnskólar í umsjón stöðvarinnar: Austurbæjarskóli, Landakotsskóli, Tjarnarskóli og Vesturbæjarskóli

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 13.477

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 8.371

Heimilisfang: Vesturgata 7, 101 Reykjavík

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2011

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	14.134	14.956	15
Hjúkrunarfræðingar	6.219	1.733	601
Ljósmaður	3.138	1.294	179
Alls	23.491	17.983	795

Þar af vaktkomur til lækna	2.859
----------------------------	-------


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	11.881	14.365	12
Hjúkrun	5.828	1.833	347
Mæðravernd	2.317	1.093	7
Ungbarnavernd	3.066	183	429
Heilsuvernd aldraðra	395	1	0
Annað	4	508	0
Alls	23.491	17.983	795

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	5,67
Ljósmaður	2,08
Læknar	6,95
Ritarar	4,05
Ársverk alls	18,75

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLAN MJÓDD



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Samúel J. Samúelsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Matthea G. Ólafsdóttir

Þjónustusvæði: Neðra Breiðholt og Seljahverfi

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Breiðholtsskóli, Seljaskóli og Ölduselsskóli

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 11.962

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 10.655

Heimilisfang: Þönglabakki 6, 109 Reykjavík

SKRÁÐ SAMSKIPTI ÁRSINS 2012

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	14.006	19.529	27
Hjúkrunarfræðingar	4.383	1.763	128
Sjúkraliðar	843	59	0
Ljósmeður	2.214	867	92
Alls	21.446	22.218	247

Þar af vaktkomur til lækna	2.206
----------------------------	-------


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	13.169	19.520	27
Hjúkrun	3.150	2.075	94
Mæðravernd	1.413	560	0
Ungbarnavernd	2.813	6	126
Heilsuvernd aldraðra	673	54	0
Annað	228	3	0
Alls	21.446	22.218	247

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	4,96
Ljósmaður	1,12
Læknar	6,64
Ritarar	6,55
Sjúkraliðar	0,80
Ársverk alls	20,08

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLA MOSFELLSUMDÆMIS



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Þengill Oddsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Hrafnhildur Halldórsdóttir

Þjónustusvæði: Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjós og Þingvallasveit.

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Lágafellsskóli, Varmárskóli, Klébergsskóli (Kjalarnes) og Krikaskóli.

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 10.025

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 8.869

Heimilisfang: Þverholt 2, 270 Mosfellsbæ

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2012

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	16.983	14.932	700
Hjúkrunarfræðingar	4.423	560	922
Sjúkraliðar	67	17	1.647
Ljósmæður	1.683	164	156
Alls	23.156	15.673	3.425

Þar af vaktkomur til lækna og vitjanir á vakt 7.345


Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	16.224	14.921	699
Hjúkrun	3.327	543	214
Mæðravernd	1.196	79	4
Ungbarnavernd	2.408	101	379
Heimahjúkrun	0	10	2.129
Annað	1	19	0
Alls	23.156	15.673	3.425

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	5,42
Ljósmaður	1,23
Læknar	6,50
Ritarar og aðstoðarfólk	6,91
Sjúkraliðar	0,89
Ársverk alls	20,96

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings



HEILSUGÆSLAN SELTJARNARNESI



UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Árni Scheving Thorsteinsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Emilía P. Jóhannsdóttir

Þjónustuvæði: Seltjarnarnes og vesturbær Reykjavíkur sunnan Hringbrautar, þar með talið háskólahverfi og Skerjafjörður.

Skólar í umsjón stöðvarinnar: Grandaskóli, Hagaskóli, Melaskóli, Mýrarhúsaskóli og Valhúsaskóli

Fjöldi íbúa á þjónustuvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 15.245

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 14.299

Heimilisfang: við Suðurströnd, 170 Seltjarnarnesi

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2011

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	23.402	26.026	37
Hjúkrunarfræðingar	9.063	4.249	964
Ljósmaður	2.330	876	1
Alls	34.795	31.151	1.002

Þar af vaktkomur til lækna	4.176
----------------------------	-------



Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	21.451	25.784	27
Hjúkrun	6.902	4.374	323
Mæðravernd	2.366	875	23
Ungbarnavernd	4.074	116	629
Annað	2	2	0
Alls	34.795	31.151	1.002

ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	6,75
Ljósmæður	1,30
Læknar	10,22
Ritarar	5,44
Ársverk alls	23,71

SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings





UM HEILSUGÆSLUSTÖÐINA

Yfirlæknir: Emil L. Sigurðsson

Yfirhjúkrunarfræðingur: Kristín Pálsdóttir

Þjónustusvæði: Hafnarfjörður og Álftanes (Heilsugæslan Fjörður þjónar einnig þessu svæði)

Grunnskólar í umsjón stöðvarinnar: Áslandsskóli, Engidalsskóli, Hvaleyrarskóli, Lækjarskóli, Setbergsskóli og Álftanesskóli.

Fjöldi íbúa á þjónustusvæði stöðvarinnar í árslok 2012: 29.227

Fjöldi skráðra á stöðina í árslok 2012: 16.186

Heimilisfang: Sólvangsvegi 2, 220 Hafnarfirði

SKRÁÐ SAMSKIPTI 2011

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	28.058	26.258	39
Hjúkrunarfræðingar	9.100	5.667	1.194
Sjúkraliðar	45	1	57
Ljósmæður	2.316	961	127
Alls	39.519	32.887	1.417

Þar af vaktkomur til lækna	7.091
----------------------------	-------

Heildarsamskipti - Verkefni	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	26.340	25.606	33
Hjúkrun	6.287	4.405	480
Mæðravernd	2.223	921	0
Ungbarnavernd	4.537	1.431	833
Sykursýkismóttaka	128	2	0
Annað	4	522	71
Alls	39.519	32.887	1.417

SKRÁÐ SAMSKIPTI Í HEIMAHJÚKRUN 2011

Heildarsamskipti - Starfsstétt	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknir	0	1	0
Hjúkrunarfræðingur	81	1.302	4.859
Sjúkraliði	0	102	5.703
Alls	81	1.405	10.562


ÁRSVERK 2012

Starfsstéttir	Ársverk
Hjúkrunarfræðingar	16,35
Lífeindafræðingar	1,85
Ljósmaður	2,10
Læknar	13,23
Ritarar	10,07
Sjúkraliðar	7,40
Ræsting	0,34
Samtals	51,33



SAMSKIPTI EFTIR KYNI

Viðtöl og vitjanir eftir kyni skjólstæðings





HEILSUVERND SKÓLABARNA

Samskiptin miðast við skólaárið 2011-2012. Samskipti í Heilsuvernd skólabarna eru yfir alla grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, líka skóla sem er sinnt af Heilsugæslunni Lág múla og Heilsugæslunni Salahverfi. Veturinn 2011 til 2012 voru 25.793 grunnskólabörn á höfuðborgarsvæðinu. Þar af voru 22.896 á svæði HH.

Starfssemi heilsuverndar skólabarna fer nánast einvörðungu fram í skólunum og er sinnt að mestu leyti af hjúkrunarfræðingum. Skólalæknar koma að heilsuvernd skólabarna á flestum heilsugæslustöðvum.

Einstaklingsþjónusta er annað hvort skráð á samskiptaseðla eða sem stöðluð skráning. Á bak við staðlaða skráningu eru stöðluð úrræði og er hún oftast notuð þegar ekki er þörf á að fylgja vandamálinu eftir. Á samskiptaseðla eru skráð þau vandamál sem krefjast lengri úrlausnar.

Komur til skólahjúkrunarfræðinga sem skráðar voru með staðlaðri skráningu voru 40.481 talsins. Algengasta tilefnið var hrufluð húð. Samskipti skráð á samskiptaseðla voru 18.274. Heildarsamskipti vegna einstaklingsþjónustu voru því 58.755 sem samsvarar 2,3 samskiptum við hvern nemanda.

Alls voru 967 slys skráð yfir skólaárið. Eins og venjulega eru flest slysin í 5. og 6. bekk og fæst í 10. bekk. Eins og áður eru algengustu slysin þau að börnin eru að detta á skólalóðinni og fá höfuðhögg.

BÓLUSETNINGAR 2011-2012 – ALLIR SKÓLAR

Stefnt er að því að ná að bólusetja 95% barnanna í réttum árgangi. Nú náðist að bólusetja um 94% þeirra á réttum tíma.

Bólusetningar í 7.-9. bekk	Fjöldi	Hlutfall
Priorix bólusetning í 7. bekk	2.341	94,2
Cervarix bólusetning í 7. bekk (KVK)	3.528	
Cervarix bólusetning í 8. bekk (KVK)	3.399	
Boostrix-Polio bólusetning í 9. bekk	2.412	93,9
Aðrar bólusetningar	591	
Samtals	12.271	

Ef allar bólusetningar eru í lagi eru börn skráð með fullnægjandi bólusetningar. Rúmlega 95% allra skólabarna voru með fullnægjandi bólusetningar.

Staða bólusetninga - allir bekkir	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi barna með "fullnægjandi"	24.692	95,3%
Fjöldi barna með "ófullnægjandi"	724	2,8%
Fjöldi barna skráð með "hafnað"	146	0,6%
Fjöldi barna með "hafnað að hluta"	102	0,4%
Fjöldi barna með "tómt" (óflokkað)	244	0,9%

Áhugavert er að sjá að rúm 97% barna fara út úr 10. bekk með fullnægjandi bólusetningar. Hér eru tækifæri til bættrar þjónustu og ná því markmiði að ekket barn verði með ófullnægjandi bólusetningar í 10. bekk.

Staða bólusetninga 10. Bekkur	Fjöldi	Hlutfall
Fullnægjandi	2.561	97,2%
Hafnað	13	0,5%
Hafnað að hluta	0	0%
Ófullnægjandi	56	2,1%
Tómt	4	0,2%

SKIMANIR - ALLIR SKÓLAR

	Fjöldi barna sjónprófuð	Hlutfall	Heildarfjöldi mælinga
Sjón 1. bekkur	2.723	99,3	2.792
Sjón 4. bekkur	2.420	97,0	2.465
Sjón 7. bekkur	2.403	96,7	2.460
Sjón 9. bekkur	2.445	95,2	2.469
Sjón í öðrum bekkum	236		243
Samtals	10.227		10.429

Alls voru um 890 börn með frávik á sjónprófi eða um 8%.

	Fjöldi barna heyrnaprófuð	Hlutfall	Heildarfjöldi mælinga
Heyrn 1. bekkur	2.619	95	2.782
Heyrn í öðrum bekkjum	356		374
Samtals	2.975		3.156

Alls voru 192 börn eða 7% sem voru með frávik á heyrnarprófi.

Hæð og þyngd	Fjöldi barna vaxtarmæld	Hlutfall	Heildarfjöldi mælinga
Vöxtur 1. bekkur	2.706	98,7	2.823
Vöxtur 4. bekkur	2.426	97,2	2.504
Vöxtur 7. bekkur	2.444	98,4	2.555
Vöxtur 9. bekkur	2.525	98,3	2.644
Vöxtur í öðrum bekkjum	869		997
Samtals	10.970		11.523

Um 80% barna voru í kjörþyngd, 18,6% voru yfir kjörþyngd og 1,2 % voru undir kjörþyngd.

FRÆÐSLA

Viðmiðin eru að 80% skólabarna fái fræðslu skv. skipulagi. Þessum viðmiðum var náð í nær öllum fræðsluþáttunum.

Yngsta stig - allir skólar	Fræðsluþættir		Foreldrabréf	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
1. bekkur	2.743	100%	2.743	100%
Hollusta	2.658	97,0%	2.595	94,6%
Tannvernd	2.571	93,7%		
Handþvottur	2.667	97,2%		
Hjálfmafræðsla	2.522	91,9%	2.525	92,1%
Hamingja – Líkaminn minn	2.522	91,9%	2.522	91,9%
Flúorskolun	2.348	85,6%		
2. bekkur	2.684	100%	2.684	100%
Svefn	2.504	93,3%	2.415	90,9%
Hamingja - Tilfinningar	2.511	93,6%		
3. bekkur	2.582	100%	2.582	100%
Hollusta og hreyfing	2.316	89,7%	2.318	89,8%
4. bekkur	2.495	100%	2.495	100%
Hamingja - Sjálfsmynd	2.244	89,9%	2.227	89,3%
Slysavarnir	2.267	90,9%	2.165	86,8%
Tannvernd - Tannhirða	2.416	96,8%	2.416	96,8%

Miðstígi - allir skólar	Fræðsluþættir		Foreldrabréf	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
5. bekkur	2.510	100%	2.510	100%
Hamingja - Samskipti	2.106	83,9%	1.990	79,3%
Hollusta	2.241	89,3%	2.163	86,2%
Hreyfing	2.241	89,3%		
6. bekkur	2.654	100%	2.654	100%
Kynþroskinn	2.585	97,4%	2.557	96,3%
7. bekkur	2.485	100%	2.485	100%
Hugrekki	2.042	82,2%	2.072	83,4%
Tannvernd	2.208	88,9%	2.210	88,9%
Ónæmisaðgerðir	2.272	91,4%		
Flúorskolun	2.200	88,5%		

Unglingastígi - allir skólar	Fræðsluþættir		Foreldrabréf	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
8. bekkur	2.551	100%	2.551	100%
Hugrekki	2.144	84,0%	2.113	82,8%
Hollusta og hreyfing	2.030	79,6%	2.016	79,0%
9. bekkur	2.569	100%	2.569	100%
Kynheilbrigði	2.370	92,3%	2.276	88,6%
Ónæmisaðgerðir	2.428	94,5%		
10. bekkur	2.634	100%	2.634	100%
Kynning á heilsug.	2.286	86,8%		
Flúorskolun	2.268	86,1%		

